

Opinn skólaráðsfundur 24. maí 2022, fundur hefst kl. 18

Mættir úr skólaráði: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Eyþórsdóttir fulltrúi kennara.

1. Rekstur skólans

- a. Farið yfir stöðuna við lok skólaárs og þær skýringar sem skólastjóri hefur gefið bæjaryfirvöldum vegna stöðunnar, s.s. auknum launakostnaði vegna forfalla (m.a. vegna Covid og langtímaveikinda starfsmanna) og þrífum á fjölda lausra kennslustofa.

2. Niðurstöður kannanna

- a. Í úrbótaáætlun sem birt er að hausti ár hvert eru lagðar línur út frá m.a. niðurstöðum kannanna.
- b. Skólapúlsinn er könnum sem metur virkni nemenda í námi, aga í kennslu, skólabrag, líðan nemenda, einelti í skóla og fleira. Úrtak nemenda svarar henni mánaðarlega og útkoman það sem af er skólaári er mjög góð og sýnir marktækan mun í mjög mörgum liðum.
- c. Nemendaráð skólans eru þrjú, eitt á hverju stigi. Fundað er með deildarstjórum tvisvar á hvorri önn að lágmarki og umræður á þeim stigum sýna almenna ánægju og vellíðan nemenda.
- d. Eineltis- og tengslakannanir eru lagðar fyrir alla nemendur á mið- og elsta stigi a.m.k. einu sinni á önn, oftast ef þurfa þykir. Kannanirnar eru lagðar sjaldnar fyrir á yngsta stigi.
- e. Starfsmannaviðtöl veita einnig upplýsingar um líðan starfsmanna sem unnið er með í úrbótaáætlun.

3. Skipulag næsta vetrar

Fjölgun nemenda og starfsmanna, en nemendur stefna í 660 við upphaf næsta skólaárs. Fjölgun er um heilan námshóp í 1. bekk frá þessu ári en aðeins tveir hópar útskrifast úr 10. bekk.

1. og 3. bekkur og 8. – 10. bekkur verður í aðalbyggingu en aðrir nemendur verða í Hallargarðinum (lausum kennslustofum) á Vallargerðisvelli. Ýmsar tilfærslur eiga sér stað innanhúss, m.a. verður vinnuaðstaða kennara látin víkja fyrir kennslurými.

4. Önnur mál

- a. Góðgerðardagurinn. Þakkir til foreldrafélagsins fyrir frábært samstarfs. Ekki hægt að gefa uppi hversu mikið safnaðist fyrir Unicef því enn á eftir að upplýsa nemendur um upphæðina.
- b. Grænfáninn. Nefnd um grænfánann er alltaf að störfum og í vetur hefur áherslan verið á útikennslu og tveir starfsmenn fóru í vetur á námskeið um sjálfbærni í Belgíu.
- c. Vinnustytting kennara. Í nýjum kjarasamningi er kveðið á um vinnustyttingu kennara sem taka á gildi næsta skólaár. Vinnustyttingunni má ekki fylgja aukinn kostnaður né skerðing á þjónustu og nú þessa dagana er verið að kjósa milli tveggja tillagna sem lagðar voru fyrir kennarahópin hér í skólanum, og unnar voru af nefnd um bættan vinnutíma. Niðurstaða liggur fljótlega fyrir en ljóst að ekki eru allir kennarar á eitt sáttir varðandi þessa nýjung í kjarasamningum og útfærslu.
- d. Ábending frá foreldri: vont að senda viðhengi í tölvupóstum því ekki er hægt að leita undir heiti á viðhengi heldur titli og oftast en ekki er titill í tölvupósti ekki sá sami og á viðhengi.

- e. Fyrirspurn frá foreldri: þegar Hallargarðurinn fer með tilkomu nýs skóla, hefur skólinn einhverjar hugmyndir eða sýn fyrir Vallargerðisvöllinn? Á Kársnesinu er mikil vöntun á íþróttahúsi, en núverandi húsnæði við Skólagerði/Holtagerði að springa og dugar varla fyrir skólastarfið. Drepið hefur verði á málinu við bæjaryfirvöld en annað ekki.

5. Nýr Kársnesskóli við Skólagerði

- a. Verktakar eru um 3,5 mánuðum á eftir verkáætlun en búið er að leggja fram nýja verkáætlun með sömu lokadagsetningu og í samningsdrögum, þ.e. 15. maí 2023 og við getum þá hafið störf þar í ágúst 2023.
- b. Mögulega þarf að endurskoða rýmin m.t.t. nemendasamsetningar sem er önnur í dag en þegar forsögnin var skrifuð og hönnunin hófst árið 2017. Fjölgun ungra nemenda er meiri en gert var ráð fyrir og því þarf að skoða t.d. frístundarrými og jafnvel aldur leikskólanemendanna.
- c. Hönnunarmyndir frá árinu 2019 sýndar.

Fundi slitið 18:40

Fundarritari: Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri